

## SAMÞYKKT

### Um staðvísa, skilti og auglýsingar í Rangárþingi eystra

#### 1. gr.

##### Gildissvið og markmið

Samþykkt þessi gildir um hvers konar staðvísa, skilti, auglýsingar og breytingar á þeim. Samþykktin er sett til að tryggja öryggi vegfarenda og að hafa yfirsýn yfir stærð, fjölda, uppsetningu og staðsetningu staðvísa, skilta og auglýsinga. Skilti sveitarfélagsins skulu vera til sóma en ekki valda óþægindum og passa verður að þau hafi ekki spillandi áhrif á umhverfi og ásýnd sveitarfélagsins. Samþykkt þessi á að auðvelda afgreiðslu umsókna um skilti og eftirlit.

Reglur þessar eru settar sbr. ákvæði Mannvirkjalaga nr. 160/2010 og byggingareglugerðar nr. 112/2012.

Hver sá, sem á lögvarinna hagsmuna að gæta, getur innan eins mánaðar frá því að honum er kunnugt um ákvörðun skipulags- og umhverfisnefndar skotið þeirri ákvörðun til úrskurðarnefndar.

#### 2. gr. lög og reglugerðir

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og í reglugerð nr. 941/2011 er fjallað um auglýsingar meðfram vegum og annars staðar utan þéttbýlis. Í 72. gr. náttúruverndarlaga segir m.a. „Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, þ. á m. skipulagslaga, laga um mannvirki og vegalaga, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram. Skal þar miðað við umráðasvæði viðkomandi rekstraraðila. Með látlausum auglýsingum er átt við auglýsingar sem eru hóflegar að stærð og umfangi að teknu tilliti til þess sem auglýst er, eru lítt áberandi og hafa aðallega að geyma upplýsingar um umræddan rekstur, þjónustu eða vörur. Við hönnun slíkra auglýsinga skal þess gætt að þær falli sem best að svipmóti lands, sbr. lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.“

Í umferðarlögum nr. 77/2019 segir m.a. í 90. gr. „Spjöld, auglýsingar, ljósaskilti eða sambærilegan búnað má eigi setja á eða við veg þannig að honum sé beint að umferð nema með heimild veghaldara. Veghaldari getur synjað um leyfi eða gert kröfu um að slíkur búnaður verði fjarlægður ef hann telur hann draga úr umferðaröryggi, þar á meðal ef misskilja má hann sem umferðarmerki, umferðarskilti eða vegmerkingu, búnaður tálmar vegsýn eða er til þess fallinn að draga athygli vegfarandans frá vegi eða umferðinni.“

Í byggingareglugerð nr. 112/2012, gr. 2.5.1 kemur fram að sækja þurfi um byggingarleyfi fyrir öllum frístandandi skiltum sem eru yfir 1,5 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Skila skal inn skriflegri umsókn ásamt tilheyrandi gögnum, m.a. uppdráttum og öðrum sem sýna útlit, fyrirkomulag og öryggi skiltis.

#### 3. gr

##### Skilgreiningar

Með orðunum skilti, auglýsing og öðrum samsvarandi orðum er í samþykkt þessari átt við hvers konar texta, myndir eða myndverk á borðum, spjöldum og öðrum sambærilegum tilfæringum, sem ætlað er að vekja athygli almennings á vöru, þjónustu eða starfsemi hvers konar. Gildi þá einu hvort þau eru hreyfanleg, föst eða komið fyrir til lengri eða skemmri tíma, hvort þau eru á einkalóð, opinberu svæði, mannvirki eða hvernig þeim er komið fyrir.

- 3.1 Staðvísir eða bæjarskilti: er skilti sem staðsett er við heimreið bæjar eða frístundahúss. Skiltið er sett upp af Vegagerðinni í samstarfi við sveitarfélagið.
- 3.2 Þjónustuskilti: er átt við skilti sem sýna nafn og heimilisfang íbúa, heiti fyrirtækis, vörumerki, þjónustu, starfsemi eða vöru sem það hefur á boðstólnum og komið fyrir á eigin lóð eða við starfstöð auglýsandans.
- 3.3 Upplýsingaskilti eða fræðsluskilti: er átt við skilti sem sett eru upp til upplýsinga og fræðslu á friðlýstum svæðum, almennum útivistarsvæðum, garðsvæðum, leiksvæðum og við innkomu þéttbýli.
- 3.4 Auglýsingaskilti: er átt við þegar skilti er sett upp innan lóðar sem tengist ekki starfsemi á lóðinni eða er utan lóðar og er ekki viðburðarskilti.
- 3.5 Viðburðarskilti: er átt við skilti eða auglýsingu sem tengist nákvæmlega tímasettum viðburðum, s.s hátíðum, kosningum, ráðstefnum, mótum, keppnum og skilti sem sett eru upp vegna byggingar- og gatnagerðarframkvæmda og tilgreina t.d. hver hafi hannað mannvirkið eða hafi umsjón með framkvæmdum.
- 3.6 Stafræn skilti: er átt við skilti þar sem skipt er um mynd eða myndskleið á skiltinu með reglulegu millibili á vélrænan hátt.
- 3.7 Ljósaskilti: er átt við ef stafir eða form eru vörpuð með ljósum eða öðrum samsvarandi hætti.
- 3.8 Frístandandi skilti: þau skilti sem ekki eru fest við mannvirki, standa á stoðum.
- 3.9 Lausaskilti: skilti sem ekki eru fest með varanlegum festingum við jörðu eða mannvirki, t.d. með gormum.
- 3.10 Ratmerki: er átt við skilti sem upplýsa um stað eða leið á tiltekinni þjónustu eða fyrirtæki.
- 3.11 Veggsplald: eða plakat sem hægt er að líma eða festa á mannvirki.
- 3.12 Leyfi: er átt við framkvæmdarleyfi eða byggingarleyfi skv. byggingarreglugerð.
- 3.13 Stærð skilta: þá er átt við heildarumfang skiltis eða auglýsingar, sem mælt er í fermetrum. Taka skal skýrt fram um hvort með eða án festingar er verið að ræða.
- 3.14 Stofnbrautir og tengibrautir: eða aðrar götur sem byggir á flokkun í aðalskipulags Rangárþings eystra á hverjum tíma.

#### 4. gr. Umsóknir

Hver sá sem óskar leyfis til að setja upp eða koma fyrir skilti eða auglýsingu skal sækja um leyfisveitingu á heimasíðu sveitarfélagsins. Hverri umsókn skal fylgja eftirfarandi

1. Nafn, kennitala, heimilisfang, netfang og símanúmer eiganda skiltis eða auglýsingar.
2. Heiti lóðar sem umsóknin tekur til.
3. Málsett afstöðumynd í mkv. 1:50 sem sýnir staðsetningu skiltis eða auglýsingar.
4. Útlitsmyndir og sneiðingar í mkv. 1:100 og ljósmynd eftir því sem á við auk texta sem á að vera á skilti eða auglýsingu.
5. Greinargerð um uppsetningu, festingar og gerð skiltis
6. Viðurkenning rafmagnseftirlits ríkisins þegar á við.
7. Nafn, kennitala, netfang, og símanúmer hönnuðar.
8. Undirritað samþykki lóðahafa eða meðlóðahafa.
9. Aðrar upplýsingar sem skipulags- og byggingarfulltrúi telur nauðsynlegar.

Um rétt til þess að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af skiltastöndum, burðarvirkjum eða byggingarhlutum er kunna að fylgja skiltum fer eftir ákvæðum greina 2.5 í byggingarreglugerð 112/2012.

#### 5. gr. Leyfisveiting

Skipulags- og umhverfisnefnd veitir leyfi fyrir skiltum og auglýsingum ef umsókn fyllir

ákvæði samþykktar þessarar. Skipulags- og byggingarfulltrúi getur heimilað uppsetningu skilta til skemmri tíma, t.d. viðburðarskilti, tímabundin ratmerki eða lausaskilti.

Við leyfisveitingu skal skýrt taka fram tímabil leyfisveitingu á skilti ef við á.

Gjöld skulu vera greidd skv. gjaldskrá skipulags- og byggingarfulltrúa. Óheimilt er að setja upp skilti eða auglýsingu, þótt leyfi hefur verið gefið út, fyrr en leyfisgjald hefur verið greitt og byggingarstjóri og hans iðnmeistarar skráð sig á verkið. Ef byggingarstjóri og iðnmeistarar hafa ekki samþykkt sig á verk innan 6 mánaða frá samþykkt umsóknar, fellur leyfið úr gildi.

Leita skal til umsagnaraðila ef við á.

## 6. gr.

### Eftirlit

Skipulags- og byggingarembættið annast eftirlit með skiltum og auglýsingum og leyfum fyrir þeim í umboði skipulags- og umhverfisnefndar. Hann skal ganga úr skugga um að uppsett skilti séu í samræmi við leyfi og vekja athygli umsækjenda á annmörkum og frávikum.

Þegar skilti eða auglýsing er sett upp innan lóðar án leyfis og/eða stríðir gegn ákvæðum þessarar samþykktar, skal skipulags- og byggingarfulltrúi skora á eigandi eða lóðarhafa að sækja um leyfi. Verði eigandi eða lóðarhafi ekki við áskorun skipulags- og byggingarfulltrúa eða talin sé stafa hættu af óleyfisskilti, skal fara með slík mál eftir ákvæðum 60.gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Skilti sem sett eru upp án leyfis utan lóða verða fjarlægð án viðvörunar og á kostnað lóðarhafa.

## 7. gr.

### Skilti sem eru háð leyfum

Ákvæði í þessari grein er háð takmörkunum í 8. og 9. gr. þessarar samþykktar.

- Íbúðarsvæði:
  - Skilti fyrir fyrirtæki eða stofnanir, sem eru stærri en 0,1 m<sup>2</sup>, eru háð leyfi. Ekki skal veita leyfi fyrir öðrum skiltum en þjónustuskiltum sem eiga við viðkomandi lóð og skulu þau ekki fara yfir neðangreind mörk.
    - Skilti á vegum opinberra fyrirtækja og stofnanna má vera 2,5 m<sup>2</sup> að hámarki. Ekki er heimilt að hafa fleiri en eitt skilti á hverri lóð.
    - Skilti annarra verslunar- og þjónustufyrirtækja: samanlögð stærð skilta skal ekki fara yfir 2,5 m<sup>2</sup> fyrir hverja 1000 m<sup>2</sup> lóðar.
  - Skilti sem auglýsa sölu eða leigu eignar og eru stærri en 0,5 m<sup>2</sup> og/eða fleiri en eitt á eign.
  - Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar, breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð og eru stærri en 3,0 m<sup>2</sup>.
  - Skilti sem sýna deiliskipulagt svæði og eru stærri en 3,0 m<sup>2</sup>.
  - Starfræn og ljósaskilti eru ekki leyfð á íbúðarsvæðum.
- Stofnsvæði og verslunar- og þjónustusvæði:
  - Þjónustuskilti sem eru stærri en 1,5 m<sup>2</sup>.
  - Þjónustuskilti sem auglýsa sölu eða leigu húsnæðis og eru stærri en 0,75 m<sup>2</sup> og/eða fleiri en eitt á eign.
  - Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð og eru stærri en 3,0 m<sup>2</sup>.
- Athafna-, iðnaðar-, landbúnaðar- og hafnarsvæði:
  - Skilti sem gefa til kynna heiti, starfsemi, vöru, þjónustu og afgreiðslutíma fyrirtækja á viðkomandi lóð og eru stærri en 3,0 m<sup>2</sup>.
  - Að öðru leyti eru öll þau skilti sem eru háð leyfi á stofnsvæðum háð leyfi á athafna-, iðnaðar-, landbúnaðar- og hafnarsvæðum.
- Skilti á friðlýstum svæðum, almennum útivistarsvæðum, garð- og leiksvæðum.

- a. Upplýsingaskilti sem eru stærri en 2,0 m<sup>2</sup>.
  - b. Aðeins eru leyfð skilti sem gefa upplýsingar um friðlýsingu, gönguleiðir, hjólaleiðir, reiðleiðir, örnefni, útivistaraðstöðu, fræðslu um sögu og náttúru svæðanna ásamt því að tilkynna bann við umferð vélknúinna ökutækja, hjóla, hesta eða hunda.
  - c. Fletti- og/eða ljósaskilti eru ekki leyfð á friðlýstum svæðum, almennum útivistarsvæðum og á garð- og leiksvæðum.
5. Ípróttasvæði
- a. Þau auglýsingaskilti sem ekki snúa að ípróttaleikvangi eru háð leyfi. Hámarks auglýsingaflötur er 10 m<sup>2</sup> og hámarksfjöldi skilta er 4.
6. Bráðabirgðaskilti
- a. Öll bráðabirgða skilti eru háð leyfi. Um stærð þeirra og staðsetningu gilda sömu reglur og önnur skilti. Skipulags- og byggingarfulltrúi veitir heimild tímalengdar.

## 8. gr.

### Almenn ákvæði

Skilti skulu staðsett innan lóðamarka viðkomandi lóðar nema í sérstökum undantekningartilvikum, t.d. skilti með upplýsingum um bílastæði eða þar sem lóðamörk eru við húsvegg. Í þessum tilvikum skal gæta að þau gangi ekki á rétt nágranna og skapi slysaþættu og skal í öllum tilvikum sækja um leyfi fyrir þeim.

Skilti mega ekki vera þannig að þau líkjast vegvísingum eða öðrum umferðarskiltum á nokkurn hátt eða þannig staðsett að þau hindri útsýni við gangbrautir og innkeyrslur. Ef breytingar verða á t.d. gatnamótum skulu eigendur skilta færa þau þannig að þau uppfylli ákvæði í samþykkt þessari.

Við hönnun skilta skal tekið tillit til nálægna mannvirkja og gætt samræmis við skilti sem fyrir eru á lóð og fjölda þeirra. Skilti og auglýsingar skulu falla eins vel að umhverfi sínu og kostur er og ber að vanda til allrar hönnunar.

## 9. gr.

### Heimild til undantekninga

Skipulags- og byggingarembættið getur krafist þess að eldri skilti og auglýsingar sem sett hafa verið upp án leyfis fyrir gildistöku samþykktar þessarar, skuli fjarlægð þegar í stað ef þau hafa að hans mati truflandi áhrif á umferð eða valda verulegum umhverfisspjöllum.

Rangárþing eystra veitir þó undanþágu á nefndum ákvæðum.

1. Umferðarskilti sem sett eru upp af sveitarfélaginu eða Vegagerðinni
2. Auglýsingar innanhúss enda séu þær staðsettar a.m.k. einum metra innan við glugga eða hurðarop þegar þær eru sýnilegar að utan.
3. Auglýsingar sem eru órjúfanlegur hluti af hönnun byggingar eru réttþærri ákvæðum og byggingarleyfi þannig útfærð.
4. Auglýsingar á ípróttaleikvöngum enda snúi þær inn á við að leikvanginum.
5. Auglýsingar á bifreiðum.

## 10. gr.

### Afturköllun leyfis

Sveitastjórn getur afturkallað leyfi um auglýsingar og skilti samkvæmt samþykkt þessari ef skilti eða auglýsing sem sett hefur verið upp er metin hafa truflandi áhrif á umferð eða valda verulegum umhverfisspjöllum.

Ef aðili sinni ekki fyrir mælum skipulags- og byggingarfulltrúa og samþykkt þessari innan

tiltekins frests eða brýtur á annan hátt gegn ákvæðum þessarar samþykktar er heimilt að beita ákvæðum 60.gr lag um mannvirkjagerð nr. 160/2010.

**11. gr.**

**Staðfesting og gildistaka**

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 60. gr. laga nr. 160/2010 um lög um mannvirki og 2.5 gr. í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra þann 11. janúar 2024